


REYKJAVÍKURFLUGVÖLLUR - SKIPULAGSREGLUR



ÞADALSKIPULAG REYKJAVÍKUR 2001-2024

SKÝRINGAR / SKILMÁLAR

C. SVÆÐI MED HÆDARTAKMÖRKUNUM (hindranafletir):

Á uppdráttum II. og III. er gerð grein fyrir hindranafötum flugvallarins sem felja í sér hæðartakmarkanir á hverskonar mannvirkjum eða gróðri innan og í nágrenni við flugvallarsvæðið og á áhrifsvæði flugvallarins. Með áhrifsvæði flugvallar og nágrenni flugvallar er átt við svæði undir hindranafötum. Byggja hindranafletir þessir og skýringar þeirra á alþjóðlegum skuldbindingum (Chicago samningnum), lögum um loftferðir nr. 60 frá 1998 og reglugerð um flugvelli nr. 464 frá 2007.






Óheimilt er að reisa hvers konar mannvirkjum, tímabundið eða varanlega, upp fyrir hindranaflet flugvallarins sem gerð er grein fyrir á uppdráttum II. og III. nema að fengnu samþykki Flugmálasjórnar Íslands að undangenginni umsógn rekstraraðila flugvallarins.

Erindum um slíkar undanþágur skal beina til rekstraraðila flugvallarins sem sendir erindið til endanlegrar afgreiðslu Flugmálasjórnar með umsógn sinni. Leita skal slíks samþykkis við gerð deiliskipulags. Skal deiliskipulag þar sem gerð er ráð fyrir slíkum frávikum sent til umsagnar áður en tillagan er auglýst. Sé um einstaka byggingarleyfissókn að ræða, á svæði þar sem ekki liggur fyrir deiliskipulag, skulu aðalþrættir sendir til umsagnar þegar byggingarleyfissókn hefur verið lögð inn til byggingarfulltrúa. Rekstraraðili flugvallar getur óskað eftir sérstökum áhættumáli vegna slíkra undanþágubeiðna á kostnað umsækjanda.

Ef um tímabundna hindrun er að ræða er rekstraraðili flugvallarins heimilt að afgreiða málið án aðkomu Flugmálasjórnar. Flugmálasjórn skal þó ávallt tilkynnt um slíkar afgreiðslur. Hafi rekstraraðili flugvallar umsókn um tímabundna hindrun getur umsóknaraðili skotist slíkra afgreiðslu til ákvörðunar Flugmálasjórnar.

Þar sem land stendur nú þegar upp úr hindranaflet er, þrátt fyrir framangreint heimilt, að gera ráð fyrir og reisa byggingar með hámarks hæð allt að 18m upp fyrir óhreyft land. Ef hæð lóðar er mismunandi skal miðað við óhreyft land í hæsta punkti lóðar. Gerð er ráð fyrir að slíkr - ar byggingar séu hindranalýstar. Séu fleiri en ein bygging sem þannig háttar til um á sama svæði skal hæðila bygging á svæðinu vera með hindranalýsingu. Flugmálasjórn getur krafist lýsingar á fleiri byggingar leiðir stöðsinnu þeirra varða flugþryggti. Þegar svæði sem þessi eru skipulögð eða þegar ætlunin er að veita byggingarleyfi á slíkum svæðum án þess að fyrir liggji skipulag eða á grundvelli skipulags þar sem ekki hefur verið tekið tillit til þessara reglna, skal þó ávallt leita umsagnar rekstraraðila flugvallarins. Sé umsógn rekstraraðila flugvallarins neikvæð skal hann beina erindinu til afgreiðslu Flugmálasjórnar.

Hindranafletir skiptast í eftirfarandi flokka:

-  **ADFLUGSFLÆTIR:**
Hallandi flætur út frá flugbrautarendu. Upphafsbreidd 300 m sem byrjar 60 metrum frá brautarendu og gleikkar út um 15% (1:6,67). Halli flatarins er 2% (1:50) fyrstu 3.000 metrana síðan 2,5% (1:40) næstu 3.600 m, síðan kemur láréttur flötur sem nær 8.000 m. Samtals er flöturinn 15.000 m langur.
-  **FLUGTAKSFLÆTIR:**
Hallandi flætur út frá flugbrautarendu. Upphafsbreidd 180 m sem byrjar 60 metrum frá brautarendu og gleikkar út um 12,5% (1:8) þar til breidd hans er orðin 1.200 m þá eykst breiddin ekki frekar, heildarlengi flatarins er 15.000 m. Halli flatarins er 2,0 % (1:50)
-  **SKÁFLÆTIR:**
Liggja út frá öryggissvæðum til hlóðar við brautir og enda við aðflugsflæti, halli 14,3 % (1:7) frá brún öryggissvæðis og upp að lárétta flötinum
-  **LÁRÉTT SVÆÐI:**
Svæði 55 m.y.s. sem nær í 4.000m radius út frá brautarendum og til hlóðar við flugbrautir.
-  **KEILUFLOTUR:**
Hallandi flötur, 5% (1:20), upp frá útrún lárétta svæðisins og nær 100 m upp fyrir hann.